

Horn

Hljóðfærið, sem hér um ræðir, hefur verið nefnt ýmsum nöfnum, þar á meðal franskt horn og skógarhorn. Í þessari námskrá er hljóðfærið einfaldlega nefnt horn.



Nám á horn getur hafist þegar nemendur hafa náð nægilegum líkamsþroska til að halda á hljóðfærinu. Æskilegt er að hornnemendur hafi beinar framtennur og ekki mjög þykkar varir. Stærð og lögun hornsins gerir það að verkum að börn yngri en 12 ára geta átt í erfiðleikum með að halda á því. Þó eru til hljóðfæri sem eru sérstaklega hönnuð fyrir yngri nemendur. Algengt er, en ekki nauðsynlegt, að nemendur læri fyrst á annað minna og meðfærilegra málmblasturshljóðfæri, svo sem trompet, kornett eða althorn. Slíkt nám getur hafist töluvert fyrir eða um leið og nemandinn hefur líkamlega burði til að leika á viðkomandi hljóðfæri.

Til eru þrenns konar hljóðfæri fyrir byrjendur: einfalt F-horn, einfalt B-horn og tvöfalt horn í F/B. Allar þessar tegundir hafa sína kosti og galla. F-hornið gefur dæmigerðan horntón, er tiltölulega hreint og fingrasetning er svipuð og á trompet, kornetti og alhorni. Þetta er kostur fyrir þá nemendur sem eru að skipta yfir á horn eftir að hafa lært á eitthvert þessara hljóðfæra. Tónöryggi á efra tónsviði F-hornsins er hins veg mun minna en á B-horni en B-hornið er aftur léttara. Ókostir B-hornsins eru einkum á neðra tónsviðinu hvað varðar hreinleika og tóngæði, auk þess sem fingrasetningar eru frábrugðnar öðrum málmblasturshljóðfærum.

Með notkun þumalventils sameinar tvöfalda hornið F- og B-hornin í eitt hljóðfæri og gefur nemendum þannig tækifæri til að nýta kosti beggja, án galla þeirra. Gott tvöfalt horn með meðalstóra bjöllu hlýtur því að teljast besti kosturinn fyrir nemendur á flestum stigum námsins þó að í mörgum tilfellum verði þeir að notast við hljóðfæri sem tónlistarskólinn útvegar. Nauðsynlegt er að nemendur í miðnámi hafi til umráða tvöfalt horn. Rétt er að benda á að tvöfalt horn er dýrara og þyngra en einfalt horn.

Millistærð munnstykki er í flestum tilfellum skynsamlegasti kosturinn fyrir nemandann. Munnsetning hornleikara er ólík því sem gerist hjá öðrum málmblásurum. Munnstykkið hvílir mun hærra á vörunum, eða um 60–70% á efri vör og 30–40% á neðri vör. Mikilvægt er að hornnemendur tileinki sér rétta munnsetningu frá upphafi námsins.

Mikið er til af samleiksverkum fyrir málmblásara. Algengust eru kvintettar, kvartettar og tríó en einnig er talsvert um verk fyrir stærri hópa, svo sem lúðrasveitir og málmblásarakóra. Mjög æskilegt er að nemendum á málmblasturshljóðfæri gefist tækifæri til að kynnst þessari tónlist, gjarnan í reglulegu starfi samleikshópa. *(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*

- - -

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).